

Nr. 158 / 13 Orri ÍS 180***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 0923
Smíðaður: Danmörk 1957, eik
Stærð: 67,54 brl. 72 bt.
Mesta lengd: 21,66 m Skráð lengd: 20,20 m
Breidd: 5,65 m Dýpt: 2,80 m
Vél: Caterpillar 370 kW, 1984
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS



Orri©Fiskifrétir

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. nóvember 2013 var Orri ÍS 180 á rækjuveiðum um 6 sml NV af Eldey. Veður: SA 5-7 m/sek.

Verið var að taka trollið og þegar það kom upp bakkaði skipið stjórnlaust án þess að skipstjóri gæti að gert með þeim afleiðingum að trollið fór í skrúfunni og aðalvélin stöðvaðist. Skipstjóri kallaði í strandstöð og óskaði eftir aðstoð til að draga skipið inn í Sandgerði.

Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein kom á staðinn og dró Orra til hafnar. Þegar komið var inn í höfnina lenti trollið einnig í skrúfu björgunarskipsins svo bæði skipin ráku upp í grjótgarðinn. Björgunarbáturinn Óli Gísli kom þá báðum skipunum að bryggju.

Við rannsókn kom fram:

- að þegar farið var að skoða bilun í skiptingunni kom í ljós að þrýstingur á þrýstiloft hafði falli þar sem gat hafði komið á háþrýstirör;
- að stjórnbúnaður á gír og skrúfustigningu skrúfublaða var stjórnað með þrýstilofti og þegar þrýstingur féll fór stigning sjálfkrafa í afturábak.

Nefndarálit:

Orsök bilunar má rekja til skorts á viðhaldi.